

## Reglur um úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði innflytjendamála

1. gr.

### Tilgangur.

Starfræktur skal sérstakur Þróunarsjóður innflytjendamála. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þróunarverkefni á sviði málefna innflytjenda með það að markmiði að auðvelda innflytjendum aðlögun að íslensku samfélagi og gera samfélaginu betur kleift að koma til móts við þá.

2. gr.

### Stjórn og skipulag.

Stjórn Þróunarsjóðs innflytjendamála er í höndum innflytjendaráðs sem gerir tillögur til félagsmálaráðherra um veitingu styrkja hverju sinni.

3. gr.

### Fjármunir, varsla og reikningshald.

Stofnframlag sjóðsins er 10 milljónir króna.

Félagsmálaráðuneytið semur við tiltekinn aðila sem innflytjendaráð tilnefnir um að taka að sér vörslu og umsýslu sjóðsins. Umsýslukostnaður greiðist úr sjóðnum.

4. gr.

### Styrkveitingar.

Styrkir úr Þróunarsjóðnum skulu veittir að jafnaði einu sinni á ári. Miða skal við að styrkur nemi aldrei hærri fjárhæð en helmingi heildarkostnaðar við verkefni. Innflytjendaráð gerir tillögu til ráðherra um fjölda styrkja og fjárhæð þeirra.

5. gr.

### Auglýsing um styrki og umsóknir.

Auglýst skal eftir styrkjum að jafnaði einu sinni á ári. Innflytjendaráð getur ákveðið að leggja áherslu á ákveðin svið innan málaflokksins hverju sinni og skal það koma fram í auglýsingunni.

6. gr.

### Umsóknir um styrki.

Sótt skal um styrk á sérstök eyðublöð sem innflytjendaráð lætur útbúa. Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:

- a) Almenn lýsing verkefnis, fjárhæð sem sótt er um og ábyrgðarmaður verksins.

- b) Hvaða aðilar vinni að verkefninu og verkaskipting ásamt upplýsingum um forsvarsmenn, þar með talið aðsetur, símanúmer og netföng.
- c) Markmið verkefnis, þar með talinn markhópur, og mat umsækjanda á væntanlegri niðurstöðu verkefnis.
- d) Framkvæmdaáætlun með tímasetningum og greinargóðri lýsingu á framkvæmd verksins.
- e) Fjárhagsáætlun þar sem gerð er skýr grein fyrir heildarfjármögnun verkefnis, framlagi umsækjanda og annarra og hver sjái um bókhald verkefnisins.
- f) Lýsing á samstarfi við aðra aðila í tengslum við verkefnið, þar með talin félagasamtök, einkaaðila og opinbera aðila.
- g) Áætlun um kynningu niðurstaðna og sýnileika verkefnis.

Innflytjendaráði er heimilt að óska eftir nánari upplýsingum um verkefni, framkvæmdaaðila og fjármögnum og senda umsóknir til umsagnar sérfræðinga á viðeigandi sviði.

#### 7. gr.

##### *Afgreiðsla styrkja og skuldbindingar.*

Styrkir skulu greiddir í tvennu lagi, helmingur fjárhæðar við ákvörðun styrks og helmingur þegar verkefni er lokið eða eftir atvikum við afhendingu áfangaskýrslu. Innflytjendaráði er enn fremur heimilt að skilyrða styrkveitingar og ákveða að styrkir verði greiddir út í samræmi við framgang verkefnis.

Styrkir skulu almennt veittir félögum, samtökum og opinberum aðilum. Einstaklingum verða að jafnaði einungis veittir styrkir til rannsókna.

Við úthlutun styrkja skal styrkþega sendur samningur þar sem fram koma þær skuldbindingar sem fylgja styrkveitingu, meðal annars að gerð sé grein fyrir ráðstöfun fjárins og eftir atvikum skil á ytri staðfestingum. Þegar umsækjandi og fulltrúi félagsmálaráðherra hafa undirritað samninginn skal styrkurinn greiddur út í samræmi við 1. mgr.

Styrkþegar skulu skila innflytjendaráði lokaskýrslu og endanlegu fjárhagsuppgjöri að verkefni loknu. Innflytjendaráði er eftir atvikum heimilt að óska eftir áfangaskýrslu.

Styrkþegi sem ekki skilar fullnægjandi skýrslu og uppgjöri getur búist við að verða endurkrafinn um styrkinn.

Sé styrks ekki vitjað innan tveggja ára frá dagsetningu tilkynningar um styrk fellur hann niður.

Rannsóknir og niðurstöður þróunarverkefna sem hlotið hafa styrk samkvæmt reglum þessum skulu birtar almenningi samkvæmt nánari fyrirmælum innflytjendaráðs.

#### 8. gr.

##### *Meðferð umsókna.*

Farið er með allar umsóknir og upplýsingar í fylgigögnum sem trúnaðarmál, sbr. þó 2. mgr. 6. gr.

Skýrslur um verkefni ásamt reikningum skulu vera undanþegnar trúnaðarskyldum nema þess sé sérstaklega óskað og innflytjendaráð samþykkir.

Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

9. gr.

*Reikningar og endurskoðun.*

Reikningsár Þróunarsjóðs innflytjendamála er almanaksárið. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikninga sjóðsins.

10. gr.

*Gildistaka og endurskoðun.*

Reglur þessum verður beitt í fyrsta sinn við ákvörðun styrkja haustið 2007.

Starfræksla og reglur Þróunarsjóðs innflytjendamála skulu endurskoðuð eigi síðar en árið 2011.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. september 2007

Jóhanna Sigurðardóttir